



Garðabæ 7. sept. 2017

Kæru nemendur og forráðamenn.

Boðað er til fundar um stærðfræðinám í FG miðvikudaginn 13. september kl. 17:30. Til fundarins er boðið nemendum og forráðamönnum þeirra í stærðfræðiáföngum á raungreina og viðskiptabrautum. Mikilvægt er að sem flestir mæti á fundinn.

Starfsmenn Fjölbrautaskólans í Garðabæ hafa mikinn metnað fyrir hönd nemenda sinna og vilja undirbúa þá sem best undir frekara nám. Fyrir nemendur í raungreinum og viðskiptagreinum er traustur grunnur í stærðfræði mjög nauðsynlegur.

Því er ekki að leynd að stærðfræðikennarar hafa haft áhyggjur af frammistöðu nemenda í stærðfræði og fall í nokkrum áföngum hefur verið meira en ásættanlegt er. Eðlilega hafa nemendur og foreldrar þeirra einnig áhyggjur af þessu mikla falli og spyrja hvort fall yfir 50% í áfanga sé eðlilegt?

Í framhaldi af fundum innan stærðfræðideildar FG og í samráði við stjórnendur skólans var ákveðið að grípa til eftirfarandi aðgerða.

1. Boða til fundar með nemendum og forráðamönnum um stærðfræðikennslu í FG. Á fundinum verður meðal annars fjallað um viðfangsefni áfanganna í stærðfræði, kennslu og framlag nemenda.
2. Fenginn verður utanaðkomandi aðili til að funda með stærðfræðikennurum FG og fara yfir hvað má betur fara. Viðkomandi myndi einnig skoða prófin sem hafa verið lögð fram og hvort áherslur í FG sé eðlilegar miðað við það nám sem tekur við að loknu framhaldsskólanámi.

Það er von okkar að sem flestir forráðamenn sjái sér fært að mæta og sýni í verki að námið skipti máli.

Fundurinn fer fram á kennarastofu FG á þriðju hæð.

Virðingarfyllt,

Kristinn Þorsteinsson skólameistari

Kristín Helga Ólafsdóttir kennslustjóri í stærðfræði